

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 10 - 2021

Staður: Teams

Tími: Mánudagur 13. des 2021 kl. 13:00-15:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Torfi Jóhannesson, Guðveig Lind Eyglóardóttir, Ragnhildur Helga Jónsdóttir (varamaður í fjarveru Jóns Kristófers Arnarsonar), Margrét Björnsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson. Halldór Þorgeirsson boðaði forföll en ekki tókst að útvega varamann fyrir hann.

Gestir fundar: Áshildur Bragadóttir undir 1.lið, Christian Schultze undir 2. lið og Theódóra Ragnarsdóttir undir 3. lið.

1. Endurmenntun Lbhí - kynning og umræður

Áshildur fór yfir sundurliðað rekstraryfirlit endurmenntunar síðustu ára og sagði frá starfsemi endurmenntunar. Umræður urðu um starfsemi endurmenntunar, stöðu hennar í skipuriti skólans og rekstur einstakra námskeiða. Rætt um að fá nánari sundurliðun með tilliti til einstakra námskeiða og/eða námskeiðaflokka fyrir háskólaráðsfund síðar í vetur.

2. Drög að alþjóðastefnu – kynning

Christian kynnti drög að alþjóðastefnu. Fimm aðalmarkmið (sjá skjal). Þessi drög verða send út til skoðunar innan skólans og stefnt að því að vera með fullmótaða stefnu sem lögð verður fyrir háskólaráð síðar í vetur.

3. Fjármál og rekstur – framhald frá síðasta fundi.

Theódóra sat fundinn undir þessum lið og skýrði stöðu mála.

Fjárlagafrumvarp er komið fram en endanleg fjárlög verða væntanlega ekki samþykkt fyrr en eftir áramót og verður hægt að fjalla nánar um endanlega niðurstöðu á næsta fundi. Ragnhildur Jónsdóttir spurði um launastefnu í ljósi þess að Fínarar við skólann eru lægri en hjá öðrum stofnunum, miðað við sambærilegt menntunarstig. Ragnheiður taldi að þau mál væru að þokast í rétta átt en við þyrftum að komast upp fyrir meðaltalið. Hestmál og Nýsköpunarsetur - sbr. fundargerð nóvemberfundar (09-2021) hafa verið kynnt fyrir aðilum og verður kynnt áfram m.a. fyrir ráðuneytum.

4. Loftslagsstefna og aðgerðaáætlun

Drög að loftslagsstefnu kynnt, þegar allar athugasemdir hafa verið felldar inn í skjalið verður það borið upp til afgreiðslu hjá háskólaráði með tölvupósti.

5. Stefnuskjöl og tillögur að breytingum á reglum.

Framhaldsumræða – skjöl lögð fram á síðasta fundi. Boðað hefur verið til háskólafundar 16. desember.

- a. Stefna í upplýsingatæknimálum
- b. Reglur um framgang
- c. Reglur um ótímabundna ráðningu
- d. Reglur um nýráðningar
- e. Reglur um rannsóknamisseri

Umræður urðu um efni skjalanna. Jóhannes ætlar að senda breytingatillögur varðandi reglurnar um rannsóknamisseri. Öll skjölin verða send til starfsmanna, að teknu tilliti til framkominna athugasemda, núna fyrir háskólafund. Jóhannes benti á að mikilvægt væri að háskólaráð færi í það verkefni sem fyrst að setja reglur “um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Landbúnaðarháskóla Íslands”, eins og stendur í þessum drögum um rannsóknamisseri og víðar í okkar reglum.

6. Mál til kynningar

Fundað var nýlega með yfirstjórn Gró- LRT (Landgræðsluskólinn).

Fulltrúar háskóla í Lettlandi kom nýlega í heimsókn.

Fulltrúar Lbhí mættu í 1. des boð til forseta lýðveldisins á Bessastöðum.

Næsti fundur háskólaráðs er áformaður þriðjudaginn 18. jan kl 13.

Fundi slitið kl. 15